

## Setningarræða Erlendar Hjaltonar

Forsætisráðherra, félagar í Viðskiptaráði og aðrir góðir gestir.

### **1. Viðskiptaþing – Horft til framtíðar**

Viðskiptaþing í ár er haldið á óvissutímum. Hrun fjármálakerfisins í október hefur orðið til þess að fyrirtæki og heimili hafa orðið fyrir búsisfjum og ríkisstjórn fallið. Alþjóðlegar horfur eru einnig dökkar. Þjóðarsálin sem áður einkenndist af kjarki og bjartsýni einkennist nú um of af vonleysi og reiði.

Ekki þarf að hafa mörg orð um mikilvægi skjótra aðgerða við slíku ófremdarástandi. Nú virðist hafa náðst ágæt sátt um að til skemmri tíma eigi stjórnvöld og atvinnulíf að einhenda sér í að lágmarka tjón vegna hrunsins. Þetta þarf að gera með áherslu á að halda fyrirtækjum í rekstri og atvinnustigi eins háu og kostur er. Atvinnuleysi þarf að vinna gegn af öllu afli og best er að störf skapist vegna hagfellds rekstrarumhverfis fyrirtækja frekar en opinberrar íhlutunar.

Margoft hefur komið fram, og skal það ítrekað hér, að til þess þarf að:

- lækka vexti þegar í stað
- afnema gjaldeyrishöft við fyrsta tækifæri
- koma lagi á bankakerfi og fjármagnsmarkað
- og greiða af skilvirkni úr skuldavanda fyrirtækja og heimila.

Hvað sem brýnum aðgerðum líður, er ákall um umfangsmeiri endurskoðun og breytingar til framtíðar greinilegt. Þó svo slíkar breytingar krefjast samráðs og hafi lengri meðgöngutíma, eru þær ekki síður mikilvægar en bráðaaðgerðir.

Á Viðskiptaþingi er hefð fyrir því að horft sé til framtíðar og er markmið þingsins nú að fjalla um áherslur í stjórn efnahagsmála til lengri tíma.

Slík stefnumótun snýst um endurreisn með áherslu á uppbyggingu sterkara hagkerfis sem byggir á fjölbreyttum og traustum stoðum til hagsældar fyrir þá sem landið byggja. Skýrsla sú sem liggur hér á borðum ber þess merki.

### **2. Um orsakir efnahagshruns og ábyrgð**

Við stefnumörkun til framtíðar er reynsla fortíðar gott veganesti. Eðlilegt er að líta um öxl og leita skýringa á þeirri slæmu stöðu sem nú er uppi í efnahagslífinu.

Hinsvegar er það svo að engar einfaldar eða einhlýtar skýringar liggja fyrir. Orsakanna er að leita í samvirkni margra þátta. Ýmsar skýringar hafa verið nefndar m.a. hröð nútímavæðing fjármálamarkaðar héraendis, ofgnótt lausafjár á alþjóðamörkuðum og umdeilt einkavæðingarferli bankanna.

Einnig er ljóst að peningastefna Seðlabanka Íslands var bitlítill, hagstjórn stjórnvalda slök og eftirlitskerfið ekki nægilega burðugt til að bregðast við vexti og alþjóðavæðingu hagkerfisins.



Einnig er nauðsynlegt að viðurkenna að of oft voru áherslur og aðferðir í íslensku viðskiptalíf gagnrýni verðar. Þó ekki megi alhæfa um of, þá er ljóst að áhættusækni var of rík, gagnsæi hefði þurft að auka og frekar huga að góðum stjórnarháttum.

Samvirkni þessara þátta og mikil ólga á alþjóðlegum fjármálamörkuðum olli hruni íslensku bankanna og kreppu í íslensku efnahagslífi. Þrátt fyrir að ekki megi gera lítið úr veikleikum sem til staðar voru á Íslandi þá er ljóst að alþjóðahagkerfið hefur ekki staðið frammi fyrir umfangsmeiri vanda svo áratugum skiptir.

Ábyrgð hérlendis má finna í ranni viðskiptalífs, stjórn mála, eftirlitsstofnana og víðar. Hana ber að viðurkenna, en því miður brennur við að hver verður fyrir valinu ræðst gjarnan af hagsmunum þess er velur. Heppilegra er að hlutaðeigandi horfi fyrst og fremst í eigin barm, viðurkenni mistök og leiti leiða til að færa þau til betri vegar. Opinberum stofnunum og eftirlitsaðilum á að láta eftir að gera upp fortíðina, rannsaka möguleg lögbrot og sækja til saka þá sem til þess hafa unnið.

Verkefnið blasir við, *endurreisn hagkerfisins til framtíðar*. Með jákvætt hugarfar að leiðarljósi þarf að bera kennsl á hættur og finna skynsamlegar leiðir til endurreisnar. Erfið verkefni hafa hingað til ekki verið leyst með annarri nálgun.

### 3. Hættur og lausnir

Hættur í kjölfar efnahagshremminga eru margvíslegar. Þar má helst nefna mögulegan flóttu fólks og fjármagns úr landinu, stóraukin umsvif og afskipti hins opinbera, skerðingu á athafna- og viðskiptafrelsi og viðhorfsbreytingu í átt til tortryggni, framtaksleysis og einangrunar.

#### Fólks- og fjármagnsflótti

Þrátt fyrir að niðursveifla hagkerfisins sé skammt á veg komin ber þegar á því að hugur Íslendinga leitar utan. Full ástæða er til að spyrna af krafti við slíkri þróun enda gætu afleiðingarnar til lengri tíma orðið mjög neikvæðar fyrir þjóðarbúið. Þeir sem líklegastir eru til að flytji búferlum er ungt, vel menntað og vinnufært fólk sem Ísland má síst við að missa.

Að sama skapi er hætt við að fjármagnseigendur vilji koma eignum sínum fyrir í öruggari höfn en þeirri íslensku. Stjórnvöld hafa til skemmri tíma dregið úr hættu á fjármagnsflóttu með háum vöxtum og verulegum höftum á fjármagnsflutningum. Hinsvegar eru höft sem þessi skaðleg viðgangi og uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar og hlýtur því að vera ætlaður takmarkaður líftími.

Það sem ræður því endanlega hvort hægt verði að halda fólki og fjármagni á Íslandi er fyrst og fremst trúverðugleiki hagkerfisins og varanlegur stöðugleiki í gengis- og efnahagsmálum. Takist ekki að tryggja stöðugleika mun ríkissjóður verða fyrir meiri búsigfum en orðið er og hætt er við að íslensk fyrirtæki í alþjóðlegri starfsemi fylgi fjármagni og fólki á vit traustari hagkerfa.

Það er því mikið í húfi að búið verði svo um hnútana að Ísland verði ákjósanlegur staður til ávöxtunar fjármagns á komandi árum.



Að sama skapi er afar brýnt að erlendir fjárfestar verði sem fyrst sannfærðir um að hagfelt sé að starfa aftur á íslenskum markaði. Nálgast ber samninga um útstandandi úrlausnarefni vegna falls bankakerfisins með þetta að leiðarljósi.

### Viðhorf

Góðir gestir – Án þess að lítið sér gert úr hagrænum erfiðleikum er viðhorfsbreyting einn stærsti vandi íslensks samfélags í dag. Almenn vantrú ríkir innanlands sem utan í garð stjórnvalda, stofnana og kjörinna fulltrúa. Tortryggni og jafnvel rætni gætir í garð fyrirtækja og forsvarsmanna þeirra. Meira fer fyrir umræðu um vandamál en um uppbyggilegar lausnir og er það sérlega áberandi í fjölmiðlum og í netheimi.

Þó svo viðhorf af þessu tagi séu að einhverju leiti skiljanleg, geta þau staðið framförum fyrir þrifum. Þau draga úr vilja góðs fólks til þátttöku í endurreisn, hvort heldur sem eru á opinberum vettvangi eða innan atvinnulífs. Þau koma í veg fyrir skilvirka ákvörðunartöku stofnana og ríkisfyrirtækja í tengslum við úrvinnslu á þeim bráðavanda sem nefndur var hér á undan. Og þau fæla frá atvinnurekstri þá sem hann hafa stundað og draga úr áhuga nýrra aðila til aðkomu að atvinnusköpun.

Það gefur þó tilefni til bjartsýni að síðustu vikur virðist farið að örla á þorsta eftir uppbyggilegri sýn og lausnum og óþoli fyrir bölmóði. Þetta er góð þróun sem gerir starf til framfara auðveldara.

### Skerðing á athafnafrelsi

Ástæða til að nefna að atburðir síðustu mánaða og almennt andrúmsloft hafa plægt jarðveg fyrir varasöm viðhorf og áróður af ýmsu tagi. Sumir hafa viljað kenna alþjóðavæðingu og aukinni áherslu á markaðslausnir um núverandi vandamál í efnahagskerfi landsins. Undir sama hatt hefur einstaklingsframtak og viðskiptafrelsi verið sett. Þó eðlilegt sé að leita svara við ástæðum núverandi ástands er ljóst að um afbökun á ofangreindum hugtökum er að ræða.

Hafa verður í huga að áhersla á einkaframtak og markaðsbúskap er ekki ávísun á tiltekna tegund samfélagsgerðar. Hugmyndafræðin gerir ekki ráð fyrir að hið opinbera hafi ekki hlutverk, líkt og iðulega er haldið fram, heldur að hinu opinbera sé ætlað að skapa einstaklingum og einkaaðilum þá umgjörð sem best nýtist hagkerfinu í heild. Í því felst meðal annars að það er hlutverk hins opinbera að verja þegna fyrir skaðlegum áhrifum af starfsemi einkaaðila.

Verði frelsi á kostnað annara á það lítið skylt við hugmyndafræði viðskiptafrelsis eða markaðsbúskapar. Afleiðingar hruns fjármálakerfisins eru skýrt dæmi um vandamál af þessum toga. Þar sem ríkið stendur nú frammi fyrir skuldbindingum vegna starfsemi einkafyrirtækja hafa stjórnvöld greinilega sofið á verðinum.

Rökin fyrir því að grunnforsendur markaðsbúskapar séu brostnar eru veik og geta reynst skaðleg fá þau víðtækan hljómgrunn. Þó nú blási á móti er ekki vænlegt að snúa baki við þeim almennu viðhorfum sem hafa leitt til hagsældar vestrænna ríkja síðustu áratugi. Brýnt er að skoða afleiðingar af hinum valkostinum, sem felur í sér skerðingu á athafnafrelsi, aukinn ríkisbúskap, höft og stöðnun. Reynsan af þessum kosti er ekki góð og er vert að hafa það hugfast í þeirri ríkisvæðingu sem í stefnir.

#### 4. Verkefnið framundan – lausnir

Brýnasta úrlausnarefnið framundan felst í að sannfæra Íslendinga, sem og útlendinga, um að Ísland sé land tækifæra en ekki hnignunar. Þar kemur til kasta bæði stjórnvalda og atvinnulífs og það er sjálfsagt að gera miklar kröfur til beggja. Með einurð geta þessir aðilar í samstarfi byggt traust á hagkerfinu og komið á stöðugleika sem þjóðin á skilið, en hefur ekki búið við fram að þessu.

##### Áherslur stjórnvalda – mótun framtíðarsýnar

Fyrsta og mikilvægasta verkefni íslenskra stjórnvalda til uppbyggingar trúverðugleika er að móta skýra framtíðarsýn. Leggja þarf áherslu á lýðræðisleg og ábyrg vinnubrögð og greina fyrirtækjum og fólki frá áherslum til framtíðar. Skilgreina þarf markmið, útlista nauðsynlegar fórnir og áætlaðan ávinning þeirra til lengri tíma. Þannig er hlutaðeigandi gert kleift að leggjast á árarnar af meiri vissu en annars væri hægt. Við stefnumótun af þessu tagi er eðlilegt að miða að uppbyggingu sterkara hagkerfis sem byggir á fleiri og traustari stöðum en áður.

Skýr framtíðarsýn, sem byggir á athafnafrelsi einstaklinga, ætti að fela í sér afgerandi langtímaafstöðu stjórnvalda til mikilvægra málaflokka, eins og utanríkis- og peningamála, fjármála hins opinbera og umsvifa á atvinnumarkaði.

##### *Utanríkis- og peningamál – afstaða til ESB*

Stefna stjórnvalda í utanríkis- og peningamálum mun ráða miklu um eðli vaxtar og viðgangs íslensks atvinnulífs. Ekki er deilt um að peningastefna síðustu ára hefur beðið skipbrot og það er almenn afstaða atvinnulífsins að þörf sé á öðrum gjaldmiðli. Alþjóðlega viðurkenndur gjaldmiðill sem tekin eru upp í góðri sátt við önnur lönd fæli í sér aukin tækifæri til nýsköpunar og uppbyggingar fjölbreyttara atvinnulífs og meiri möguleika á erlendri fjárfestingu. Áframhald á núverandi fyrirkomulagi leiðir aftur á móti til einhæfara og takmarkaðra atvinnulífs.

Vart er hægt að líta framhá því að raunverulegir *efnahagslegir kostir fylgja aðild að myntbandalagi Evrópu og Evrópusambandinu. Þeir kostir verða hinsvegar ekki skoðaðir til hlítar nema með aðildarumsókn. Því ætti þegar að skilgreina samingsmarkmið og ganga til viðræðna um aðild að ESB með heildarhagsmuni Íslands að leiðarljósi. Þar ber sérstaklega að huga að þeim málefnum sem lúta að nýtingu og stjórnun auðlinda. Aðalatriðið er þó að þessi mál verði leidd til lykta á skýran hátt sem allra fyrst.*

##### *Opinber fjármál*

Stjórnvalda bíður það erfiða verkefni að koma jafnvægi á fjármál hins opinbera á næstu árum. Þar eru aðeins tvær leiðir færar, að auka skattheimtu og opinbera gjaldtöku eða skera niður útgjöld og hagræða.

Aukin skattbyrði er lítt heppileg í núverandi árferði. Fyrir því eru einkum tvær ástæður. Í fyrsta lagi eru byrðar nægar fyrir á fyrirtækjum og heimilum. Í öðru lagi leiðir aukin skattbyrði til minnkandi umsvifa og þrengri skattstofna. Sú leið að mæta fjárlagahalla með auknu aðhaldi í opinberum rekstri er mun vænlegri til árangurs, sérstaklega í ljósi þess svigrúms sem hlýtur að hafa skapast í miklum vexti útgjalda á undanförunum árum.



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

### *Umsvif hins opinbera á atvinnumarkaði og áherslur til atvinnuuppbyggingar*

Stjórnvöld og íslenskt atvinnulíf þurfa nú, sem aldrei fyrr að róa að því öllum árum að skapa einstaklingum tækifæri til að sinna verkefnum á Íslandi. Það verður best gert með áframhaldandi eignarhaldi einkaaðila á fyrirtækjum, hagkvæmu rekstrar- og skattaumhverfi og áherslu á framsækni og nýsköpun.

Þó gagnrýna megi áhættusækni síðustu ára verður áfram að ríkja skilningur stjórnvalda á mikilvægi áráðis, framtaks og metnaðar á öllum sviðum. Án slíkra viðhorfa verður atvinnu- og efnahagslíf drepíð í dróma --- fyrirtæki verða ekki til, atvinna verður ekki til og framþróun og hagvöxtur ekki heldur. Við því má Ísland ekki í dag.

Það er sanngjörn krafa að stefna stjórnmalaflokkanna í ofangreindum málum liggja fyrir í aðdraganda kosninga í apríl. Vissulega er þægilegt að ganga óbundinn til kosninga, en það væri hreinlega óheiðarlegt gagnvart kjósendum og á skjön við þá lýðræðisvakningu sem nú er krafa um í samfélaginu. Hagsmunirnir eru þjóðarinnar og þá ber að virða.

### Áherslur atvinnulífs – aðgerði til að vinna aftur traust

Atvinnulífið er ekki undanskilið ábyrgð og of mörg mistök hafa átt sér stað. Þau þarf að viðurkenna og berja í brestina. Hnykkja þarf á mikilvægi góðra stjórnháttanna og viðskiptasiðferðis og hefur Viðskiptaráð, í samstarfi við aðra, nú þegar hafið undirbúning að þeirri vinnu. Í því felst að eigendur og stjórnendur fyrirtækja og fyrirtækin sjálf uppfylli undantekningarlaust lagalegar og siðferðislegar skyldur, beri hag hluthafa og samfélags fyrir brjósti með faglegum vinnubrögðum og gegnsæju eignarhaldi.

Það er einnig eðlilegt að á komandi árum munu áherslur í rekstri breytast – á örugga þróun frekar en hraða og óvissa.

Þó er afar mikilvægt að ekki dragi úr metnaði til að gera vel og ná árangri, en tryggja verður að ávinningur eins verði ekki til skaða fyrir annan. Í því felst heilbriggt siðferði í viðskiptum.

Um leið og forsvarsmenn fyrirtækja hafa í heiðri skuldbindingar gagnvart eigendum, þá axla þeir fyrst og fremst ábyrgð í núverandi ástandi með því að standa vörð um störf og halda upp atvinnustigi; atvinnuleysi er mesta samfélagsból kreppunnar. Uppbygging samkeppnishæfra fyrirtækja, þar sem lögð er áhersla á vöxt, fjölgun starfa, ráðdeild og árangur í rekstri er vísasta leiðin til að ná þessu marki. Með blómlegum atvinnurekstri er staðinn vörður um íslenskt velferðarkerfi og góð lífskjör til framtíðar. Þar liggur ábyrgð atvinnulífsins nú, eins og áður.

## **5. Lokaorð – tímar aðgerða ekki eftirsjár og uppgjör**

Góðir gestir – vandi lands og þjóðar er mikill og ábyrgð á honum er víða að finna. En þegar við stöndum andspænis afleiðingum kreppunnar skiptir lausn vandans fyrirtæki og heimili mestu.

Þó Ísland hafi orði fyrir áfalli, þá er óráðlegt að kasta fyrir róða þeim grunnstoðum sem samfélagið byggir á. Það yrði eingöngu til að draga úr virðingu og trúverðugleika nágrannaþjóða og gera erfiðara um vik við uppbyggingu heilbrigðara samfélags og lífsgæða.



Breytingar eru nauðsynlegar, en öfga ber að forðast.

Í því svartnætti sem ríkt hefur að undanfögnu er mikilvægt að hnykkja á því að að framtíðarhorfur Íslands eru góðar. Lífsskilyrði á Íslandi munu, þrátt fyrir yfirstandandi hremmingar, áfram verða með því besta sem þekkist. Þau byggja á sterkum grunnstoðum, ríkulegum náttúruauðlindum og umfram allt, öflugum fólki.

Verkefnið framundan er umfangsmikið. En með bjartsýni og áhuga og hagsmuni allrar þjóðarinnar að leiðarljósi mun það vinnast og hagnast Íslands vænka.

Ekkert annað kemur til greina.

Takk fyrir.